



Fundargerð – 575. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sf. var haldinn **þriðjudaginn 9. desember 2025, kl. 16:30** í fundarsal á Hótel KEF.

Mættir: Önundur Jónasson, Eiður Ævarsson, Steinþór Þórðarson, Ingþór Guðmundsson, Svavar Grétarsson og Eva Rún Barðadóttir.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
2. Gjaldskrárbreytingar um áramót
3. Önnur mál

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir skýrsluna. Nefndi til dæmis skemmtilega starfsmannagleði, brennslu og efnismál.

2. Gjaldskrárbreytingar um áramót

Framkvæmdastjóri fór frekar yfir gjaldskrárbreytingar fyrir 2026 miða við það sem stóð eftir síðasta fund. Lagt til að eina hækkunin sem verður gerð er samkvæmt vísitölu. Samþykkt að bíða með frekari verðbreytingar meðan breyttar afsetningarleiðir eru í skoðun.

3. Önnur mál

Þjóðarbrennsla - Stjórn samþykkir þátttöku Kölku í stofnun undirbúningsfélags nýrrar hátæknibrennslu á þeim forsendum sem lagðar eru fram í bréfi sem kynnt var á fundinum og felur framkvæmdastjóra að taka málið áfram.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:50.
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 13. janúar 2026.

Fundargerð samþykkt með rafrænni undirritun.

Önundur Jónasson

Svavar Grétarsson

Eiður Ævarsson

Ingbór Guðmundsson

Eva Rún Barðadóttir

Steinþór Þórðarson